

1 Efri hæð - Grunnmynd
Mkv. 1 : 100

Samþykkt þann
14. ágú. 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

Greinargerð.

Um Framkvæmd / fasteign :
Móbergsskarð 1-3, Hafnarfirði - Íbúðarhúsalóð, parhús.
Landnúmer L225451
Á lóðinni eru tveir matshlutar, merking 01 og 02

Ný lóð samkvæmt deiliskipulagi, "Skarðshlíð 2. áfangi". Parhús með íbúðum á tveimur hæðum, samkvæmt byggingarskilmálum. Þar sem öll meginrými íbúða eru ekki á jarðhæð eru íbúðirnar ekki hannaðar samkvæmt kröfum um algilda hönnun.

Byggingarlýsing:
Steinhús með einhalla loftræstu þaki, einangrað og klætt að utan. Tveir steinsteyptir veggir með 30mm harðpressaðri einangrun á milli skilja íbúði að, frá undirstöðu að þaki. Sökkull og botnplata úr járnbentri steinsteypu á föstum grunnbotni eða þjappaðri malarfyllingu. Undirstöður 600x300mm. Sökkulveggir 200mm þykkir, einangraðir utan með 100mm harðpressaðri einangrun sem klædd er með þar til gerðum sökkuldúk. Botnplata er 140mm þykk og undir henni 100mm harðpressuð einangrun. Útveggir neðri hæðar og berandi innveggir eru 160mm járnbent steinsteypa. Þeir veggir sem liggja að jarðvegi eru 200mm einangraðir og klæddir á sama hátt og sökkulveggir. Útveggir efri hæðar og berandi innveggir eru 160mm járnbent steinsteypa. Húsið einangrað að utan með 125mm harðpressaðri einangrun og klætt með fingerðri báruklæðningu á ál undirkerfi. Veggir að svölum og við aðalinngang viðarklæddir. Að innan eru steyptir veggir pússaðir og málaðir. Milliplata er steinsteypt, 200mm þykk með vélpússuðu yfirborði. Platan er þynnt undir svölum, þannig að yfirborð hennar verði 50mm neðar en innan dyra. Einangrun neðan í milliplötu 125mm undri köldum flötum. Stigi milli hæða steinsteyptur. Þak er úr sperrum 45x245mm sem hvíla á útveggjum, steyptum innveggjum og límtréásum. Þykktarhefluð borðaklæðning ofan á sperrum og tvö lög af þar til gerðum niðurlímdum þakpappa. Einangrað á milli sperra með 220mm steinull. Plötur sem opnar eru fyrir vatnsgufu sem vindvörn ofan við einangrun og loftræst 25mm bil undir borðaklæðningu. Loftræsing þaksins er um þakkanta í gegnum innsteypt plaströr í hverju sperrubili, flugnanet í rörum. Loftun að lámarki 1000mm² á hvern fermeter í þakinu. Plastdúkur sem rakavörn neðan á sperrum, lagnagrind og loftaklæðning. Léttir milliveggir úr 45x95mm timburgrind, einangrað í grind með steinull og veggirnir plötuklæddir. Klæðningar innanhúss skulu ekki vera lakari en í flokki 2 innan íbúða og í flokki 1 í bílgeymslum. Þakkantar klæddir til samræmis við frágang glugga og utanhússklæðningar . Gluggar og útidyr með hefðbundnum tré körmum og tvöföldu K-gleri, málaðir eða álklæddir að utan. Opnanleg fög í gluggum íbúðarherbergja eru björgunarop. Bréfarifa minnst 25x260mm í karmi aðaldyra. Litur utanhússklæðninga er dökk grár ral 7016. Glugga- og útihurðakarmar eru í sama lit, svo og þakkantar. Eldstæði er í stofum og reykháfar upp úr þaki. Vísað er til greinar 9.6.5 og 9.6.6 í byggingarreglugerð varðandi frágang eldstæða. Sorptunnur í skýlum til hliðar við bílastæði, framan við útitröppur. Stærð skýlanna samkvæmt byggingarreglugerð. Fjöldi sorpíláta fer eftir flokkunarreglum sveitarfélags.

Lóð:
Frágagnur lóðar skal taka mið af skilmálum í deiliskipulagi. Frágangur við lóðarmörk unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Upphitun og neysluvatnslagnir:
Íbúðir eru hvor fyrir sig tengdar hitaveitu, upphitun er með gólfhita- og vatnsofnakerfi. Hita og neysluvatnslagnir eru plaströr í hlífðarkápu, gólfhitalagnir innsteypt plaströr. Snjóbræðsla í svalagólfi, utan við aðaldyr og í bílaplönum. Allt lagnaefni með súrefniskápu. Inntök og mælagrindur í bílgeymslum. Tryggja skal að hitastig neysluvatns í sturtuböðum og baðkerum verði ekki það hátt að valdið geti húðbruna. Samanber gr. 14.5.10 í byggingarreglugerð.

Raf- og gagnaveitutengingar:
Íbúðir eru hvor fyrir sig tengdar rafveitu og gagnaveitu. Inntök og aðaltöflur eru í bílgeymslum. Vísað er til greinar 6.7.1 í byggingarreglugerð, um tengibúnað til hleðslu rafbíla.

Loftræsing:
Loftræsing er um opnanleg fög og vélræn, samkvæmt gr. 10.2.5 í byggingarreglugerð.

Gler:
Þar sem fallhæð er utan við glervegg skal nota öryggisgler samanber 12.4.3 í byggingarreglugerð

Brunavarnir:
Reykskynjarar í öllum herbergjum, stofu, umferðarrýmum, þvottahúsi og bílgeymslu. Slökkvitæki við innganga. Björgunarop í svefnherbergjum og eldvarnarteppi í eldhúsi. Björgunarop skulu vera minnst 0,6m (ljósop), samanlögð breidd og hæð skal ekki vera minni en 1,5m. Fög skulu þannig útbúið að þau haldist opin, tryggja skal greiða flóttaleið frá þeim. Íbúðir eru aðskildar með eldvarnarvegg REI 120-m. Bílgeymsla er aðskilin frá íbúð með eldvarnarveggjum og gólfi sem uppfylla eldvarnarkröfu REI60. Sjálflokandi hurð milli íbúðar og bílgeymslu skal uppfylla kröfu $EI_2$60-CS_m.

Slysavarnir:
Læstar hirslur fyrir lyf og hættuleg hreinsiefni skulu vera í innréttingum.
Tryggja skal að hitastig neysluvatns í stutuböðum og baðkerum verði ekki það hátt að valdið geti húðbruna. Ofan við aðaldyr er þakkantur snjógildra á þaki. Eldstæði skal þannig frágengið að hægt sé að kynda með því á öruggan hátt, sjá nánar leiðbeiningar á vef mannvirkjastofnunar.

Burðarvirki:
Ingvar Gýgjar Sigurðarson tæknifræðingur hannar burðarvirki hússins. Hann hefur yfirfarið þennan aðaluppdrátt, með tilliti til þess.

Hönnunarviðmið:
Sökklar skulu byggðir á frostfrírri malarfyllingu á burðarhæfum grunnbotni, sem byggingarstjóri hefur tekið út og samþykkt. Fyllingar skal þjappa í lögum og þykkt laganna skal vera í samræmi við þyngd jarðvegsþjöppu.
Húsið er hannað samkvæmt íslenskum kröfum um vind- og jarðskjálftaálag óháð staðsetningu og snjóálags á svæði 1
Byggingarhlutar skulu uppfylla eftirfarandi kröfu um einangrun (U-gildi / W/M2 K) Útveggir 0,40 - Þak 0,20 - Gólf 0,30 - Gluggar (k-gler) 2,00 - Hurðir 3,00

Nánari leiðbeiningar um efnisval og gæðakröfur er að finna á séruppdráttum.

Við byggingu hússins skal jafnframt fylgt öðrum kröfum og leiðbeiningum byggingarreglugerðar sem finna má á vef Mannvirkjastofnunar, mvs.is

Byggingarefni:
Allt byggingarefni skal vera viðurkennt og vottað af þar til bærum aðilum. Upplýsingar um byggingarefni skal fylgja handbók hússins við lokaúttekt.

Stærðir:
Stærðir samkvæmt skráningartöflum.
Birt flatarmál er : 475m² Hvor íbúð/matshluti 237,5m²
Rúmmál heildar húss, brúttó :1869,6m³

Nýtingarhlutfall lóðar :
Parhús á lóð 0,49

Breytingaskrá
1 16.júlí.2019 Þykkt burðarveggja breytt, Gluggar á suðurhlið hækkaðir um 0.25m Eldstæði breytt.

13.08.2019 HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS. SLÖKKVILIÐ

Ingvar Gýgjar Sigurðarson
Viðigrund 22 550 Sauðárkrókur
Netfang: igs84@simnet.is
sími 868-5052

Teiknað : Ingvar G. Sigurðarson
Áritun hönnuðar / Hönnunarstjóra : Ingvar G. Sigurðarson
Ingvar Gýgjar Sigurðars Kt. 020884-3639
Unnið fyrir : Leigutaka lóðar

Verkheiti : Móbergsskarð 1 - 3, Hafnarfirði
Verkþáttur : Aðaluppdráttur- Efri hæð grunnmynd
Verknúmer : 3061
Mælikvarði : 1:100
Blaðstærð : A2
Teikningarnúmer : A-101
Útgáfudagur : 1. apr. 2019
Útgáfa númer : 1. Útgáfa
Frumgerð / breyting : Breyting nr. 1
Teikniskrá : 3061A Móbergsskarð 1-3.vt
Prentdagur : 16.07.2019

←A Aðalingangur | IR Inntak rafveitu | AT Aðaltafla rafm. | IH Inntak hitaveitu | IV Inntak vatnsveitu | LR Lofrtæsing | GN Gólfniðurfall | BO Björgunarop | R Reykskynjari | SL Slökkvitæki | ET Eldvarnarteppi | EI 60 Eldvarnarhólf | REI 60 Hæðarskil | $EI_2$30-CS_m Eldvarnarhurð

Tnet